

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/2239
komudagur 12.5.2010

KÓPAVOGSBÆR
Fannborg 2
200 Kópavogur
Sími: 570 1500
Fax: 570 1501
www.kopavogur.is

Alþingi - Nefndasvið
Samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Kópavogi, 12.05.2010
1005086/700.00 SI

Efni: Samgönguáætlun fyrir árin 2009-2012, 582, mál

Vísað er til bréfs samgöngunefndar, dags. 3. maí sl., þar sem send var til umsagnar tillaga til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2009–2012, 582. mál.


Kópavogsbær fagnar því að efling reiðhjólánótkunar er meðal markmiða sem fram koma í tillögunni varðandi greiðari samgöngur, enda er markviss uppbygging reiðhjólástíga þarft verkefni sem nauðsynlegt er að huga að.


Kópavogsbær vill gera athugasemdir við tvö atriði sem snúa sérstaklega að bæjarfélaginu. Í fyrsta lagi ber að nefna undirgöng undir Reykjanesbraut við Digranesveg. Samningur var gerður við Vegagerðina 16. apríl 2008 um framkvæmdir við undirgöngin, en um er að ræða framkvæmdir við Þjóðveg. Samkvæmt samningnum var hlutur vegagerðarinnar í verkinu 320 milljónir. Kópavogsbær fjármagnaði framkvæmdina og lauk henni árið 2008, en Vegagerðin átti að endurgreiða sinn hlut þegar fjárveiting yrði ákveðin á vegaáætlun. Kópavogsbær taldi víst að fjárveiting yrði afgreidd á árunum 2009 eða 2010 í síðasta lagi og var það að sjálfsögðu forsenda af hálfu bæjarins við samningsgerðina að endurgreiðsla yrði afgreidd á næstu misserum. Fjárveiting fyrir þessari framkvæmd hefur hins vegar ekki fengist ennþá og er ekki gert ráð fyrir henni í þeirri tillögu um samgönguáætlun sem nú liggur fyrir og á að gilda allt fram til ársins 2013. Það er með ólíkindum að ríkisstofnun gangi til samninga við bæjarfélag með þessum hætti og ríkið dragi síðan árum saman að veita fé til þess að efna samninginn. Kópavogsbær hefði að sjálfsögðu aldrei gert slíkan samning ef búast hefði mátt við að efndirnar yrðu með þeim hætti sem komið hefur í ljós, enda er það augljóst að bæjarfélagið munar verulega um upphæð sem þessa.

Annað verk sem til stóð að Vegagerðin framkvæmdi í Kópavogi er Arnarnesvegur. Verkið var inni í fyrri samgönguáætlunum og hafði Kópavogsbær gert verulegar ráðstafanir við undirbúning verksins. Verkið var boðið út í apríl 2009 en var síðan slegið af dagskrá nokkrum dögum áður en opna átti tilboð. Kópavogsbær framkvæmdi verk sem tengjast Arnarnesveginum í þeirri trú að ríkið myndi standa við sinn hluta, m.a. hefur bærinn rífið niður hluta af hesthúsahverfi á Glaðheimasvæðinu til þess að rýma fyrir veginum. Vegagerðin hefur nýlega staðið fyrir stórum framkvæmdum í Leirvogstungu og við Klébergsskóla og telur Kópavogsbær að þessar framkvæmdir hafi verið teknar fram fyrir nauðsynlegar framkvæmdir í Kópavogi. Kópavogsbær dregur í efa að jafnræðis sé gætt varðandi vegaf framkvæmdir ríkisins í sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu.

Skorað er á Alþingi að setja ofangreind verkefni við Reykjanesbraut og Arnarnesveg inn á samgönguáætlun og veita fé til þess að ríkið getið efnt skyldur sínar gagnvart bæjarfélaginu.

Virðingarfyllst,


Gunnsteinn Sigurðsson
Bæjarstjóri

| | |
|--|---|
|  | KÓPAVOGSBÆR MÓTTEKIÐ 16. APR. 2008 Málsnr.: 0804002 Bréfolykill: 517.01 |
|--|---|

KÓPAVOGSBÆR
Fannborg 2
200 Kópavogur
Sími: 570 1500
Fax: 570 1501
www.kopavogur.is

Kópavogsbær kt. 700169-3759, Fannborg 2, 200 Kópavogi og Vegagerðin, kt. 680269-2899, Borgartúni, 105 Reykjavík, gera með sér svohljóðandi:

SAMKOMULAG

um framkvæmdir við undirgöng undir Reykjanesbraut við Digranesveg

1. gr.

Efni samnings

Samningur þessi fjallar um kostnaðar- og verkaskiptingu á milli Vegagerðarinnar og Kópavogsbæjar vegna samstarfsverkefnisins, "Undirgöng undir Reykjanesbraut við Digranesveg". Samningur þessi fjallar jafnframt um fjármögnun framkvæmda.

2. gr.

Samningsfjárhæð

Heildarkostnaður er áætlaður kr. 337 milljónir samkvæmt áætlun VBV verkfræðistofu dagsettri 3. apríl 2008. Framkvæmdakostnaður (verktakakostnaður) er áætlaður 246 milljónir. Þar sem frumkvæði að framkvæmd þessari kemur frá Kópavogsbæ, sem jafnframt stjórnar verkinu frá upphafi til enda, er samkomulag um að hluti Vegagerðarinnar verði fóst tala 320 m.kr.

3. gr.

Vegáætlun

Framkvæmdir þær sem samningur þessi tekur til eru við Þjóðveg nr. 41. Kópavogsbær óskaði eftir fjárveitingu fyrir framkvæmdunum til fjárlaganefndar Alþingis þann 28. september 2007. Fjárveiting til verksins er ekki á vegáætlun fyrir árin 2007-2010. Samkomulag er um að Kópavogsbær byggji undirgöngin, enda hefur Vegagerðin samþykkt hönnun þeirra. Kópavogsbær annast og ábyrgist framkvæmdina allt til verkloka, sem áætluð eru haustið 2008. Vegagerðin mun leggja til við endurskoðun vegáætlunar að umræddar framkvæmdir verði settar á vegáætlun fyrir árin 2009-2012.

Handwritten signature

4. gr.

Fjármögnun framkvæmda

Kópavogsbær mun fjármagna framkvæmdir þessar. Vegagerðin mun endurgreiða Kópavogsbæ umsaminn hlut Vegagerðarinnar 320 m.kr. eigi síðar en þegar fjárveiting verður ákveðin á vegáætlun. Vegagerðin greiðir hvorki vexti né verðbætur af samningsfjárhæðinni fram að greiðsludegi.

5. gr.

Framkvæmdaraðili

Kópavogsbær mun annast allan undirbúning og hönnun framkvæmdarinnar. Kópavogsbær mun bjóða út framkvæmdina í opnu útboði og sjá um eftirlit með framkvæmdum, þar með talið að annast bráðabirgðavegi á framkvæmdatíma. Verkið verður boðið út í opnu útboði í samræmi við verklagsreglur Vegagerðarinnar.

6. gr.

Kostnaðarskipting

Um kostnaðarskiptingu er byggt á leiðbeiningum Vegagerðarinnar varðandi þjóðvegi í þéttbýli frá 8. nóvember 1999.

7. gr.

Ágreiningsefni

Rísi mál vegna þessa samnings skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Af samningi þessum eru gerð tvö samhljóða frumrit, eitt handa hvorum

Gert í Reykjavík þann 16. apríl 2008

f.h. Vegagerðarinnar

f.h. Kópavogsbæjar

Jón Rógvaldsson


Ólafur J. Þorvaldsson

Gert með fyrirvara um samþykki bæjarráðs


Vottar:

Ólafur J. Þorvaldsson 060650-2229

Jón Rógvaldsson 060251 2159



| REINMESSHAUT | | | |
|--------------------------|---------|---------|-------|
| Blatt | St. Nr. | Messart | Blatt |
| 41 | | | |
| Messung im Auftrag von | | | |
| Bestandteil des Projekts | | | |
| Projektname | | | |
| Menge | | | |
| Standort | | | |
| Menge | | | |
| Standort | | | |
| Menge | | | |
| Standort | | | |
| Menge | | | |
| Standort | | | |
| Menge | | | |
| Standort | | | |
| Menge | | | |
| Standort | | | |
| Menge | | | |
| Standort | | | |
| Menge | | | |
| Standort | | | |
| Menge | | | |
| Standort | | | |
| Menge | | | |
| Standort | | | |



SKYRINGAR:

———— Mfr. gånst. Dymnings - Skogstid
 - - - - - Mfr. hvd. RAMP 1 m, 100g 1
 - - - - - Hvd. gånst.
 - - - - - Aktus utbudsvidde

Mfr. gånst. Dymnings - Skogstid
 Mfr. hvd. RAMP 1 m, 100g 1
 Hvd. gånst.
 Aktus utbudsvidde

Tillaga til þingsályktunar

um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2009–2012.

(Lögð fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

Alþingi ályktar, sbr. lög um samgönguáætlun, nr. 33/2008, að á árunum 2009–2012 skuli unnið að samgöngumálum í samræmi við eftirfarandi áætlun:

1. ALMENN SAMGÖNGUVERKEFNI

Á árunum 2009–2012 skal unnið að rannsóknar-, úttektar- og stefnumótunarverkefnum sem falla undir fimm meginmarkmið samgönguáætlunar. Markmiðin eru í samræmi við stefnumótun í samgönguáætlun fyrir árin 2003–2014 auk stefnumótunar stjórnvalda um öryggi í samgöngumálum.

Fyrir liggur ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að mótuð verði heildstæð stefna fyrir Ísland í þágu atvinnulífs og samfélags. Markmið þeirrar áætlunar (sóknaráætlun fyrir Ísland) er að landið skipi sér aftur í fremstu röð í verðmætasköpun, menntun, velferð og lífsgæðum. Með sóknaráætlun er gert ráð fyrir samþættingu opinberra áætlana. Þannig verði stuðlað að betri nýtingu fjármuna og öflugu samstarfi stjórnsýslustiga og stofnana. Gert er ráð fyrir að sú samþætting og samræmda forgangsröðun liggi fyrir í haust og geti breytt tímasetningum og röðun framkvæmda í þessari áætlun.

1.1 Markmið um greiðari samgöngur.

Verkefni:

- a. Stefnit verði að greiðari umferð almenningsgangna, endurskoðun á tilhögun og fjármögnun þeirra með það m.a. að markmiði að auka hlut almenningsgangna í þjónustu við íbúa.
- b. Unnið verði að eflingu reiðhjólánötkunar, m.a. með markvissri uppbyggingu reiðhjólástíga.
- c. Unnin verði áætlun um að vinna gegn flöskuhálsum og að greiðari umferð og auknu umferðaröryggi á völdum stöðum á höfuðborgarsvæðinu.
- d. Aukinn verði hlutur upplýsingakerfa í samgöngum í til að auka afköst og bæta stýringu og öryggi umferðarkerfa.
- e. Gera úttekt á því með hvaða hætti megi koma á strandsiglingum að nýju með það að markmiði að draga úr landflutningum með tilheyrandi álagi á vegakerfið.

| Reykjavík og Suðvesturkjördæmi | | Lengd kafla [km] | Veg- tegund | Kostn- aður millj. kr. | 2009 | 2010 VV 14.700 | 2011 VV 14.700 | 2012 VV 14.700 | 2013+ Framh. | Öryggi | Gretifærni | Umhverfi | Bygðamáli |
|--------------------------------|--|------------------------|----------------|------------------------------|--------------|----------------------|----------------------|----------------------|-----------------|--------|------------|----------|-----------|
| Vegnr. | Vegheiti Kaflanr. Kaflaheiti | | | | | | | | | | | | |
| | Undirbúningur verka utan áætlunar | | | 555 - | 207 | 81 | 102 | 165 | | | | | |
| 1 | Hringvegur | | | | | | | | | | | | |
| f3 | Úlfarsfellsvegur-Hafravatnsvegur | | A22 | 89 | 24 | 65 | | | | x | x | | |
| f4 | Hafravatnsvegur-Þingvallavegur | 1,6 | A22 | 561 | 41 | 200 | 320 | | | x | x | | |
| f5 | Vegamót við Leirvogstungu | 0,5 | A22 | 389 | 244 | 145 | | | | x | x | | |
| f5 | Undirgöng við Klébergsskóla | | A22 | 72 | 57 | 15 | | | | x | | | |
| 40 | Hafnarfjarðarvegur | | | | | | | | | | | | |
| 02 | Gatnamót við Nýbýlaveg | | A34 | 48 | 45 | 3 | | | | x | x | | |
| 03 | Gatnamót við Vífilisstaðaveg | | A34 | 400 | | | 400 | | | | x | | |
| 41 | Reykjanesbraut | | | | | | | | | | | | |
| 11 | Gatnamót við Stekkjarbakka | | A34 | | 4 | | | | | | | | |
| 12 | Gatnamót við Arnarnesveg | | A34 | 174 | 151 | 23 | | | | x | x | | |
| 12 | Um Kópavog og Garðabæ | 4,7 | A34 | | 148 | | | | | x | x | | |
| 13 | Gatnamót við Vífilisstaðaveg | | A34 | | 175 | | | | | x | x | | |
| 42 | Krýsuvikurvegur | | | | | | | | | | | | |
| 01 | Reykjanesbraut-Ásvellir | | C9 | | 7 | | | | | | x | | |
| 49 | Nesbraut | | | | | | | | | | | | |
| 03 | Reykjanesbraut-Hafnarfjarðarvegur (strætóreinar) | | A34 | | 5 | | | | | | x | | |
| 411 | Arnarnesvegur | | | | | | | | | | | | |
| 05 | Reykjanesbraut-Rjúpnavegur | | A22 | 1.260 | | | | 500 | x | | x | | |
| 415 | Álftanesvegur | | | | | | | | | | | | |
| 04 | Hafnarfjarðarvegur-Bessastaðavegur | 4,5 | A22 | 1.394 | 234 | 4 | 430 | 726 | | x | x | x | |
| 431 | Hafravatnsvegur | | | | | | | | | | | | |
| 02 | Úlfarsfellsvegur-Hringvegur | | | 12 | 10 | 2 | | | | x | x | | |
| 454 | Holtavegur | | | | | | | | | | | | |
| 01 | Sæbraut-Holtabakki | | | | 1 | | | | | | | | |
| | Bætt umferðarflæði, almenningsamgöngur | | | 1.039 | 167 | 172 | 350 | 350 | | x | x | x | |
| | Smærri verk og ófyrirséð | | | 87 | 32 | 15 | 20 | 20 | | | | | |
| | Umferðarstýring á höfuðborgarsvæðinu | | | 77 | 23 | 2 | 2 | 50 | x | x | x | x | |
| | Öryggisaðgerðir | | | 400 | | | 200 | 200 | | x | | | |
| | Hjóla- og göngustígar | | | 400 | | | 200 | 200 | | x | x | x | |
| | Göngubrýr og undirgöng | | | 200 | | | 100 | 100 | | x | x | | |
| | Samtals Reykjavíkur- og Suðvesturkjördæmi | | | | 1.575 | 727 | 2.124 | 2.311 | | | | | |

4. Fjármögnun samkvæmt nánari ákvörðun Alþingis.*

Rekstur
Vegur
Sérstök fjármögnun
Samgöngu

Sérstök fjármögnun samtals

*Ekki er reiknað með framlagi til þessara verkefna innan samgönguáætlunar

Skipting útgjalda.

Verðlag fjárlaga 2010, millj. kr.
nema 2009 á verðlagi fjárlaga 2009.

| | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 | Samtals |
|--|--------------|--------------|--------------|--------------|---------------|
| GJÖLD | | | | | |
| 10-211 Rekstur Vegagerðarinnar | | | | | |
| 4.1.4 Rekstur Vegagerðarinnar. | | | | | |
| 1.01 Almennur rekstur | 560 | 546 | 491 | 491 | 2.088 |
| 1. Yfirstjórn | | 354 | | | |
| 2. Upplýsingaþjónusta | | 90 | | | |
| 3. Umferðareftirlit | | 102 | | | |
| 1.02 Innheimtukostnaður vegna markaðra tekna | 81 | 81 | 81 | 81 | 324 |
| Rekstur samtals | 641 | 627 | 572 | 572 | 2.412 |
| 10-212 Samgönguverkefni | | | | | |
| 4.1.5 Þjónusta, styrkir, rannsóknir og viðhald. | | | | | |
| 1.07 Þjónusta | 3.694 | 3.383 | 3.146 | 3.146 | 13.368 |
| 1. Veggöng | | 90 | | | |
| 2. Viðhald vegmerkinga | | 773 | | | |
| 3. Samningar við sveitarfélög | | 420 | | | |
| 4. Viðhaldssvæði | | 400 | | | |
| 5. Vetrarviðhald | | 1.700 | | | |
| 1.11 Styrkir til ferja og sérleyfishafa | 1.072 | 1.047 | 912 | 912 | 3.943 |
| 1. Ferjur | | 714 | | | |
| 2. Sérleyfi á landi | | 333 | | | |
| 1.13 Styrkir til innanlandsflugs | 344 | 308 | 277 | 277 | 1.206 |
| 1.21 Rannsóknir | 149 | 139 | 97 | 97 | 482 |
| Þjónusta og styrkir samtals | 5.259 | 4.877 | 4.432 | 4.432 | 19.000 |
| 5.10 Viðhald | 5.179 | | | | |
| 1. Viðhald bundinna slitlaga | | 1.500 | | | |
| 2. Viðhald malarvega | | 623 | | | |
| 3. Styrkingar og endurbætur | | 1.560 | | | |
| 4. Brýr og varnargarðar | | 360 | | | |
| 5. Umferðaröryggi | | 340 | | | |
| 6. Vatnaskemmdir | | 200 | | | |
| 7. Viðhald girðinga | | 65 | | | |
| 8. Frágangur gamalla efnisnáma | | 20 | | | |
| 9. Minjar og saga | | 11 | | | |
| Viðhald samtals | 5.179 | 4.679 | 4.117 | 4.117 | 18.092 |

A TILKYNNING UM ÚTBOÐ

Vegagerðin og Kópavogsbær bjóða hér með út 2. áfanga Arnarnesvegur (411), 2 akreinar í hvora átt, en sá kafli nær frá Reykjanesbraut í vestri og austur fyrir Fífuhvamsveg (st. 11.840 – 13.640), samtals 1,8 km. Hluti verkefnisins eru 4 steipt undirgöng og ein göngubrú yfir Arnarnesveg.

Útboðið nefnist:

ARNARNESVEGUR (411)

Reykjanesbraut – Fífuhvamsvegur

Útboðsgögn eru eftirfarandi:

1. hefti Útboðslýsing.
2. hefti Tilboðsform.
3. hefti Uppdrættir.
4. hefti Uppdrættir.

Um útboðið gilda auk þess eftirtalin rit, sem verða hluti samnings.

- Alverk '95, almenn verklýsing fyrir vega- og brúargerð, útgefin í janúar 1995. Sjá <http://www.vegagerdin.is/upplýsingar-og-utgafa/leidbeiningar-og-stadlar/alverk/>
- ÍST30:2003, Almennir útboðs- og samningsskilmálar um verkframkvæmdir.
- Reglur um vinnustaðamerkingar ásamt Merkingum vinnusvæða – Teikningar og skýringar, gildandi útgáfur, sem Vegagerðin og Reykjavíkurborg gefa út. Sjá <http://www.vegagerdin.is/framkvaemdir-og-vidhald/vinnustadamerkingar/>. Athygli er vakin á, að hér er um nýja og breytta útgáfu að ræða.
- Efnisrannsóknir og efniskröfur, gildandi útgáfa. Sjá <http://www.vegagerdin.is/upplýsingar-og-utgafa/leidbeiningar-og-stadlar/efnisrannsoknir/>

Fylgigögn á geisladiski (CD):

Hefti 1 til 3 og þversnið (20 m) á pdf formi.

Tilboðsskrá á excel formi.

Tilboð skal gera í samræmi við útboðsgögn.

Útboðsgögn fást keypt í móttöku Vegagerðarinnar í Borgartúni 7, Reykjavík) frá mánudeginum 11. maí 2009. Verð útboðsgagna er kr. 10.000,-.

Tilboði skal skila á frumriti tilboðsforms í lokuðu umslagi merktu heiti útboðs til móttöku Vegagerðarinnar, Borgartúni 7, 105 Reykjavík fyrir kl. 14⁰⁰ þriðjudaginn 23. júní 2009 og kl. 14¹⁵ sama dag verða tilboðin opnuð á sama stað að viðstöddum þeim bjóðendum, sem þess óska. **Tilboði skal fylgja geisladiskur, sem innheldur tilboðsskrá á rafrænu formi (excel- eða textaform).**

Fyrirspurnir ásamt óskum um upplýsingar og breytingar skulu berast skriflega til Jóhanns J. Bergmanns, Vegagerðin, Borgartúni 7, 105 Reykjavík, eða með rafrænum hætti á jjb@vegagerdin.is eigi síðar en 16. júní 2009.

Reykjavík í apríl 2009

Vegamálastjóri
Bæjarstjóri (Bæjarverkfræðingur) Kópavogi

Fjárlaganefnd Alþingis

Bæjarstjórn Kópavogs leggur áherslu á eftirtalin mál:

1. Hjúkrunarheimili fyrir aldraða í Kópavogi

1.1 Félagsmálaráðuneytið úthlutaði til Kópavogsbæjar 88 hjúkrunarrýmum við Boðarþing í Kópavogi. Í febrúar 2010 er áætlað að taka í notkun fyrri áfanga sem telur 44 rými. Hjúkrunarheimilið er kostað af ríkinu að 85% hluta og sveitarfélagið leggur til 15%, auk þess sem Kópavogsbær byggir þjónustukjarna. Bæjarfélagið leggur áherslu á að staðið verði við þá áætlun félagsmálaráðuneytisins að hefja undirbúning að byggingu seinni hluta framkvæmdarinnar strax á árinu 2010.

Jafnframt þessu er lögð áhersla á að 30 dagvistarpláss fyrir farniskerta aldraða, sem sótt hefur verið um til heilbrigðisráðuneytisins/félagsmálaráðuneytisins, verði tekin í notkun í kjölfar opunar Boðarþings, en þó eigi síðar en seinni part árs 2010.

1.2 Félagsmálaráðuneytið hefur úthlutað 54 viðbótarhjúkrunarrýmum við Sunnuhlíð í Kópavogi. Raunfjölgun hjúkrunarrýma verður 34 þar sem 20 rými munu leysa af hólmi eldri hjúkrunarrými. Lögð er áhersla á að ríkið geri tímaáætlun um þessa uppbyggingu, en Sunnuhlíð hefur þegar átt í viðræðum við bæjarfélagið vegna stækkunar þjónustukjarna.

2. Þjóðvegir

2.1 Hafnarfjarðarvegur- Kópavogsbraut (Rampi 2009)

2.2 Reykjanesbraut (undirgöng við Digranesveg, lokið 2008, sjá samning)

2.3 Arnarnesvegur (frá Reykjanesbraut að Fífuhvamsvegi, útboð afturkallað, fjárveiting var á vegaáætlun)

2.4 Arnarnesvegur (frá Rjúpnavegi að Breiðholtsbraut, hönnun og undirbúningur)

2.5 Elliðavatnsvegur (tekið af þjóðvegaskrá, eftir að gera uppgjör)

2.6 Nýbýlavegur (tekið af þjóðvegaskrá, eftir að gera uppgjör)

3. Framhaldsskóli í Kópavogi

Lögð er áhersla á að ákvörðun verði tekin hið fyrsta um skipulag kennslu í framhaldsskólum. Menntaskólinn í Kópavogi hefur verið fullsetinn s.l. ár og þurft að vísa nemendum frá skóla, en stórir árgangar grunnskólanema í bæjarfélaginu munu útskrifast úr skólunum næstu ár. Í skipulagi hefur verið gert ráð fyrir því að nýr framhaldsskóli geti risið í Vatnsenda til að leysa úr brýnni þörf sem hefur verið að byggjast upp.

5. Tónlistarsafn Íslands.

Menntamálaráðuneytið og Kópavogsbær undirrituðu samning um tónlistarsafn þann 23. janúar 2009 og gildir samningurinn til 31. desember 2012. Samkvæmt samningnum greiðir menntamálaráðuneytið árlegan rekstrarstyrk kr. 6,4 milljónir og framlag vegna stofnunar safnsins 12 m.kr á árinu 2009 en svo árlega 6 m.kr. út samningstímann.

6. Myndlistarskóli Kópavogs.

Myndlistarskóli Kópavogs sendi erindi til fjárlaganefndar í síðastliðnum júní mánuði þar sem óskað var eftir áframhaldandi styrk til starfsemi skólans. Kópavogsbær leggur skólanum til árlegt framlag, og er framlag ársins 2009 14,3 m.kr.

Er óskað eftir því að ríkissjóður veiti Myndlistarskóla Kópavogs áfram sambærilegan styrk og skólinn hefur fengið á fjárlögum undanfarin ár.

Kópavogi 29. september 2009

Gunnsteinn Sigurðsson
bæjarstjóri



Fjárlaganefnd Alþingis

Bæjarstjórn Kópavogs leggur áherslu á eftirtalin mál:

1. Hjúkrunarheimili fyrir aldraða í Kópavogi

1.1 Félagsmálaráðuneytið hefur nú úthlutað til Kópavogsbæjar 88 hjúkrunarrýmum við Boðarþing í Kópavogi. Þegar er hafin uppbygging fyrri hluta, þ.e. 44 rýma bygging sem er kostuð af Framkvæmda-sjóði aldraðra og ríkinu að 85% hluta. Sveitarfélagið leggur til 15%, auk þess sem það byggir þjónustukjarna. Bæjarfélagið leggur áherslu á að staðið verði við þá áætlun félagsmálaráðuneytisins að hefja undirbúning að byggingu seinni hluta strax í janúar n.k.

Jafnframt þessu er lögð áhersla á að 30 dagvistarpláss fyrir færniskerta aldraða verði tekin í notkun í lok árs 2009, sbr. umsókn þar um.

1.2 Félagsmálaráðuneytið hefur úthlutað 54 viðbótarhjúkrunarrýmum við Sunnuhlíð í Kópavogi. Raunfjöldgun hjúkrunarrýma verður 34, þar sem 20 rými munu leysa af hólmi eldri hjúkrunarrými. Sunnuhlíð hefur þegar átt í viðræðum við bæjarfélagið vegna fyrirhugaðrar stækkunar.

1.3 Í framkvæmdaáætlun félagsmálaráðuneytisins eru einnig 34 rými óstaðsett á höfuðborgarsvæðinu og mun ráðuneytið eiga fund með sveitarfélögunum á svæðinu síðar á þessu ári til að ræða undirbúning við framkvæmd uppbyggingaráætlunar hjúkrunarrýmanna.

2. Þjóðvegir

- 2.1 Suðurlandsvegur
- 2.2 Hafnarfjarðarvegur (gatnamót við Nýbýlaveg)
- 2.3 Hafnarfjarðarvegur- Kópavogsbraut (Rampi 2009)
- 2.4 Hafnarfjarðarvegur – Fíuhvamsvegur (Rampi 2011)
- 2.5 Reykjanesbraut (mislæg gatnamót við Arnarnesveg, lokið júlí 2009)
- 2.6 Reykjanesbraut (undirgöng við Digranesveg, lokið 2008)
- 2.7 Arnarnesvegur (frá Reykjanesbraut að Fíuhvamsvegi, útboðsg framkv 2009)
- 2.8 Arnarnesvegur (frá Rjúpnavegi að Breiðholtsbraut, útboð 2009, verklok 2010)
- 2.9 Elliðavatnsvegur (uppgjör tekið af þjóðvegaskrá)
- 2.10 Breiðholtsbraut (gatnamót við Vatnsendahvarf)
- 2.11 Hljóðvarnaraðgerðir við þjóðvegi.
- 2.12 Stígar við þjóðvegi
- 1.13 Sandskeið flugvöllur

Blátt: fjárveiting

Rautt: fjárveitingu vantar

3. Framhaldsskóli í Kópavogi

Lögð er áhersla á að ákvörðun verði tekin um nýjan framhaldsskóla í Vatnsenda hið fyrsta. Menntaskólinn í Kópavogi hefur verið fullsetinn s.l. ár og þurft að vísa nemendum frá skóla og stórir árgangar grunnskólanema í bæjarfélaginu munu útskrifast úr skólunum næstu ár.


4. Kópavogshöfn.

Rétt er að minna á að enn hefur ekki fengist fé frá ríkinu til Kópavogshafnar. Samkvæmt vegaáætlun 2007-2010 er fjárveiting til sjóvarna áætluð 768,8 milljónir. Kópavogsbær gerir kröfu um að sitja við sama borð og aðrir sem fá úthlutað fé af þessum fjárveitingarlið vegagerðarinnar til að verja strandlengju bæjarins. Beiðni um stuðning á árinu 2009 er þegar útlagður kostnaður Kópavogsbæjar vegna varnargarða og viðlegukanta 362 milljónir króna.

5. Menningarhátið í Kópavogi – Ekvadorískir dagar.

Kópavogsbær gengst nú í fimmta sinn fyrir fjölbjóðlegri menningarhátið í sveitarfélaginu. Nú í ár er það metnaðarfull kynning á menningu í Ekvador og hefst hátiðin 4. október n.k. Sótt er um styrk til fjárlaganefndar að fjárhæð 5 milljónir.

Kópavogi, 15. september 2008


Gunnar I. Birgisson
bæjarstjóri

| Vegnr. Vegheiti Kafli nr. Kafiheiti | 2007 millj. kr. | 2008 millj. kr. | 2009 millj. kr. | 2010 millj. kr. |
|--|--------------------|--------------------|--------------------|--------------------|
| 61 Djúpvegur | | | | |
| 01 Tenging við Hringveg | | | 60 | |
| 04-36 Breiðkun slitlaga og vega | 78 | 60 | 45 | |
| 34-35 Hestfjörður-Seyðisfjörður | | | | 50 |
| 72 Hvammstangavegur | | | | |
| 01 Um Hvammstanga | 30 | | | |
| 509 Akranesvegur | | | | |
| 01 Þjóðbraut | | 10 | | |
| 1 Hringvegur | | | | |
| p4 Vegamót við Ólafsfjarðarveg | | | | 20 |
| s7 Um Ysta Rjúkandi | | | 30 | |
| t1 Um Rangá hjá Flúðum | | 15 | | |
| t6 Litla Sandfell-Skriðdalsvegur | | 30 | 90 | |
| t7 Skriðdalsvegur-Haugaá | | | 20 | 50 |
| t7 Haugaá-Vatnsdalsá | | 45 | | |
| u8 Ofan Þakeyrar í Hamarsfirði | 32 | | | |
| 76 Siglufjarðarvegur | | | | |
| 11 Gangamunni-Siglufjörður, lýsing | 9 | | | |
| 85 Norðausturvegur | | | | |
| 03 Um Laxá | 29 | | | |
| 14 Arnarstaðir-Klapparós | 93 | 75 | | |
| 96 Suðurfjarðavegur | | | | |
| 01 Um Fáskrúðsfjarðarbotn | | | | 60 |
| Þéttbýlisstaðir Norðausturlandi | 10 | 10 | 20 | 30 |
| Almenn verkefni samtals: | 571 | 578 | 518 | 518 |

4.2.1.2 Verkefni á höfuðborgarsvæði.


| Vegnr. Vegheiti Heiti verkefnis | 2007 millj. kr. | 2008 millj. kr. | 2009 millj. kr. | 2010 millj. kr. |
|---|--------------------|--------------------|--------------------|--------------------|
| 1 Hringvegur | | | | |
| Breiðkun, Skarhólabraut-Langitangi | | | 370 | |
| Lagfæring gatnamóta | | 20 | | |
| 40 Hafnarfjarðarvegur | | | | |
| Kringlumýrarbraut-Miklabraut | | | 1.074 | 1.663 |
| Gatnamót við Nýbýlaveg | | 226 | 194 | <u>420 m kr</u> |
| Gatnamót við Vífilisstaðaveg | | | 400 | |
| 41 Reykjanesbraut | | | | |
| Laugarnesvegur-Dalbraut | 85 | | | |
| Gatnamót við Bústaðaveg | | 390 | 240 | |
| Gatnamót við Arnarnesveg | 115 | 930 | | <u>1045 m kr</u> |
| Gatnamót við Vífilisstaðaveg | | 390 | 260 | |
| Gatnamót við Urriðahóltsveg | | 359 | | |
| Kaldárselsvegur-Krýsuvíkurvegur | | | 290 | |
| 42 Krýsuvíkurvegur | | | | |
| Reykjanesbraut-Ásvellir | | 100 | | |
| 49 Nesbraut | | | | |
| Bráðabirgðagatnamót við Kringlumýrarbraut | 245 | 15 | | |
| Færsla Hringbrautar | 40 | | | |

| Vegnr. Vegheiti Heiti verkefnis | 2007 millj. kr. | 2008 millj. kr. | 2009 millj. kr. | 2010 millj. kr. |
|--|--------------------|--------------------|--------------------|--------------------|
| 411 Amarnesvegur | | | | |
| Gatnamót við Fifuhvamsveg | 50 | | | |
| Reykjanesbraut-Rjúpnavegur | | 240 | 70 | |
| Rjúpnavegur-Breiðholtsbraut | | | 165 | 400 |
| 415 Álfanesvegur | | | | |
| Hafnarfjarðarvegur-Bessastaðavegur | 217 | 483 | | |
| 431 Hafravatnsvegur | | | | |
| Hringvegur-Úlfarsfellsvegur, hringtorg | | 5 | | |
| 450 Sundabraut | | | | |
| Sæbraut-Geldinganes | 100 | | | |
| Göngubrýr og undirgöng | 70 | 70 | 70 | 70 |
| Smærri verk og ófyrirséð | 80 | 80 | 80 | 80 |
| Verkefni á höfuðborgarsvæði samtals | 1.002 | 3.308 | 3.213 | 2.213 |

} 925 mkr

4.2.1.3 Verkefni á landsbyggð.

| Vegnr. Vegheiti Kaflannr. Kaflaheiti | 2007 millj. kr. | 2008 millj. kr. | 2009 millj. kr. | 2010 millj. kr. |
|---|--------------------|--------------------|--------------------|--------------------|
| Hringvegur á Suðurlandi | | | | |
| 1 Hringvegur | | | | |
| v8-v9 Um Hornafjarðarfljót | | 170 | 250 | 262 |
| d6-e1 Selfoss-Hafravatnsvegur | 325 | | | |
| Bakkavegur | | | | |
| 253 Bakkavegur | | | | |
| 04 Flugvöllur-ferjuhöfn | | | 35 | 35 |
| Reykjavegur | | | | |
| 355 Reykjavegur | | | | |
| 01 Biskupstungnabraut-Laugarvatnsvegur | | | | 100 |
| Bræðratunguvegur | | | | |
| 359 Bræðratunguvegur | | | | |
| 01 Um Hvítá | 80 | 100 | 265 | 300 |
| Suðurstrandarvegur | | | | |
| 427 Suðurstrandarvegur | | | | |
| 12-13 Herdísarvík-Þorlákshöfn | | | 200 | 140 |
| Lyngdalsheiðarvegur | | | | |
| 365 Lyngdalsheiðarvegur | | | | |
| 01 Laugarvatnsvegur-Þingvallavegur | 50 | 370 | | |
| Reykjanesbraut, Hafnarfjörður-Keflavík | | | | |
| 41 Reykjanesbraut | | | | |
| 15-18 Krýsuvíkurvegur-Víknavegur | 347 | 420 | | |
| Keflavíkurvegur | | | | |
| 424 Keflavíkurvegur | | | | |
| 01 Reykjanesbraut-Njarðarbraut | | | 125 | |
| Hringvegur á Norðvesturlandi | | | | |
| 1 Hringvegur | | | | |
| g1 Hvalfjarðartengingar | 62 | 62 | | |
| g6 Um Borgarnes | 20 | | | |
| h0-h1 Grafarkot-Brekkunef | 85 | 85 | 110 | 100 |
| k1 Um Hrótafjörð | 225 | 40 | | |
| n0-n1 Um Norðurárdal í Skagafirði | 205 | 205 | 90 | |

| | |
|--|------------------------|
|  | KÓPAVOGSBÆR MÓTTEKI |
| | 18. MAÍ 2010 |
| Málsnr.: | 1002115 |
| Bréfalykill: | |

Skipulags- og umhverfisnefnd Kópavogs
Fannborg 6, 200 Kópavogur
Smári Smáráson skipulagsstjóri

Kópavogur 12. maí 2010.

Efni: Athugasemd við tillögu að breikkun Lindarveggar frá Bæjarlind að Fífuhvamsvegi.

Við íbúar í Fífulind 13 – 15 mótmælum með þessu bréfi breikkun Lindarveggar frá Bæjarlind að Fífuhvamsvegi sem kynnt er í tillögu að breyttu deiliskipulagi í mars 2010.

Í matslýsingu með tillögunni eru tilgreind rök fyrir því að ráðast í þessar breytingar nú og einnig er fjallað um umhverfismat.

Við teljum að í veigamiklum atriðum séu þau rök sem þar eru sett fram fyrir breytingunni umdeilanleg eða vafasöm. Einnig teljum við að ekki hafi nægjanlega vel verið staðið að vinnu við mat á umhverfispáttum, ekki síst hvað varðar hugsanleg áhrif breytinganna á lífsgæði og öryggi okkar íbúanna í Fífulind 13 – 15. Þær athugasemdir sem við gerum eru m.a. eftirfarandi.

1. Forsendur fyrir breytingunni:

Í inngangskafli skýrslunnar kemur fram að breytingarnar séu nú aðkallandi vegna þess að frestað hafi verið lagningu Arnarnesveggar frá Reykjanesbraut að Fífuhvamsvegi við Salaskóla og því hafi umferðarálag á Fífuhvamsveg, Bæjarlind og Lindarveg aukist til muna.

Þetta má e.t.v. til sanns vegar færa en við íbúar erum þeirrar skoðunar að fremur eigi að leita leiða til þess að draga úr umferð á þessum götum og leysa málið þannig, heldur en að fara í framkvæmdir til að styðja við aukið umferðarálag á svæði sem ekki var skipulagt fyrir slíka notkun. Má t.d. spyrja hvort velt hafi verið upp öðrum möguleikum en færa umferðargötu að lóðarmörkum íbúðarhúsnæðis þar sem 14 fjölskyldur búa. Sem dæmi um aðra lausn má nefna að endurvefja mætti til bráðabirgða tenginu Arnarnesveggar frá Reykjanesbraut að Lindavegi. Slík tenging myndi létta verulega álagi af Bæjarlind enda sáust þær biðraðir sem nú myndast þar, ekki á meðan sú tenging var virk.

Í þessum kafla er einnig nefnt að á morgnana skapist biðröð á Fífuhvamsveg til vesturs. Vandséð er hvernig umrædd breyting hefur áhrif til að leysa þann vanda. Þvert á móti veldur aukin umferð frá Lindarvegi því að auknar líkur eru á áðurnefndum umferðatöfum á Fífuhvamsvegi.

Með þessari aðgerð á sem sagt að bregðast við skammtíðavanda sem verður til vegna frestunar annarra framkvæmda. Besta leiðin væri hinsvegar að endurskoða þá ákvörðun og setja í gang framkvæmdir við Arnarnesveg milli Reykjanesbrautar og Fífuhvamsveggar sem, eftir því sem næst verður komist, var búið að undirbúa og skipuleggja að fullu.

Á öðrum stað í skýrslunni er vísað til þess að þessi breyting sé í takt við fyrirhugaða uppbyggingu Glaðheimasvæðis. Ekki þarf að hafa um það mörg orð að forsendur þeirrar uppbyggingar hafa mikið látið á sjá og ef/þegar kemur að uppbyggingu þess svæðis, getur eins verið að áætlanir um nýtingu þess hafi breyst á þann veg að umferð um Lindarveg á þessum kafla verði með allt öðrum hætti en nú er gert ráð fyrir.

2. Umhverfismat:

Í kafla 3 í skýrslunni er fjallað um umhverfismat og tillögu að deiliskipulagi.

Í kafla 3.2. er talað um áætlaða aukningu umferðar á þessum vegarkafli út frá áðurnefndri mögulegri uppbyggingu Glaðheimasvæðis. Það verður að segjast eins og er að sú áætlun er ekki glæsileg fyrir okkur íbúa í Fífulind 13 – 15 og vildum við gjarnan að leitað yrði leiða til að finna aðra nýtingu þess svæðis sem ekki kallaði á þessa umferðarukningu við lóðarmörk og gafi hússins okkar.

2.1 Hljóðstig

Í kafla 3.2 í matskýrslunni er fjallað um hljóðstig á lóðinni okkar og í íbúðum og er það áætlað allnokkuð yfir viðmiðunarmörkum. Okkur er ekki kunnugt um að fram hafi farið mælingar á núverandi hljóðstigi sem hljóta þó að vera grunnforsendur fyrir áætlunum um hljóðstig við aukna umferð. Þessu til viðbótar má nefna að í tillögunni er gert ráð fyrir hringtorgi við gatnamót Bæjarlindar og Lindarveggar, alveg við lóðarmörkin en samkvæmt okkar reynslu er einna mest truflun af hljóði frá umferð þegar ökurækjum er gefið inn t.d. við útakstur úr hringtorgum.

Í þessum kafla eru nefndar þrjár leiðir til að lækka hljóðstig og er ein þeirra að draga úr umferðarhraða. Líklegt hlýtur hins vegar að teljast að með breikkun götunnar geti hraði umferðar aukist og þar með hækkað hljóðstig, auk þess sem umferðin færir nær íbúðarhúsnæðinu með tilheyrandi hækkun hljóðs í húsnæðinu.

Í umfjöllun í kafla 3.4.2. kemur fram að með mótvægisáðgerðum meðfram Lindarvegi megi lækka hljóðstig á neðstu hæðum húsanna en það er einmitt á efri hæðum sem hljóðstigið er áætlað hærra og áður nefndar mótvægisáðgerðir myndu litlu breyta um það skv. skýrslunni.

Fram kemur einnig að af hljóðvegg og mönnum muni við ákveðnar aðstæður varpast skuggi á lóð Fífulindar 13 – 15 sem hefur áhrif á notkunarmöguleika lóðarinnar og skerðingu lífsgæða íbúa. Ekki er nefnt í skýrslunni hvernig fyrirhugað er að koma til móts við það.

Þarna er því verið að veða að lífsgæðum íbúa og valda hugsanlega neikvæðum áhrifum á endursölumöguleika og verðgildi eigna í húsinu við Fífulind 13 – 15.

2.2 Loftgæði:

Við mat á loftgæðum er stuðst við mælingar við Álalind sem stendur töluvert ofar en sá vegarkafli sem um ræðir og umferðarstig er allt annað og minna. Þessar mælingar eru því engan veginn marktækar til að byggja á og krefjast verður þess að mælingar verði gerðar á umræddum vegarkafli og á lóðinni við Fífulind 13 – 15, áður en ákvörðun verður tekin um að hefjast handa viðfyrirhugaðar breytingar.

Verulega er því dregin í efa sú fullyrðing sem sett er fram í kafla 3.4.2. að ekki sé þörf á sérstökum áðgerðum vegna loftgæða í kjölfar breytinganna. Um það er einfaldlega ekki nógu mikið vitað. Í kafla 4 kemur fram að þessar breytingar kalli á vöktum vegna mögulegrar loftmengunnar af aukinni umferð. Þetta gefur til kynna að mögulegt sé að loftmengun geti orðið of mikil. Réttara hlýtur að vera að leita leiða til að komast hjá því að slík hætta geti skapast, með því að beina umferð annað.

2.3 Umferðaröryggi:

Í kafla 3.3. í skýrslunni segir: "Megin tilgangur vegaframkvæmda er að bæta flutningsgetu, að auka umferðaröryggi og að þjónustustig samgangna verði í samræmi við kröfur og staðla. Jafnframt er miðað að því að draga úr umferð í íbúðahverfum".

Breikkun Lindarvegjar frá Bæjarlind að Fífuhvamsvegi virðist nær eingöngu hugsuð til að bæta flutningsgetu vegarkafllans. Hins vegar er verið að auka líkur á umferð í íbúðarhverfi og færa hana nær íbúðabyggð. Í kaflanum er sagt að gert sé ráð fyrir að umferðaröryggi muni aukast vð ofangreind gatnamót. Hins vegar má draga í efa að svo verði. Samkvæmt því sem kemur fram í kafla 3.4.2. eru skráð fimm umferðaróhöpp á þessum kafla frá árinu 2004. Innan við eitt á ári, ekkert þeirra alvarlegt og öll án meiðsla á fólki. Það er vandséð að breikkun götunnar með hugsanlega meiri umferðarhraða og breiðari götu að fara yfir fyrir gangandi vegfarendur geti orðið til að bæta þetta góða ástand.

Að þessu sögðu ítrekum við íbúar í Fífulind 13 – 15 mótmæli okkar við fyrirhugaða breikkun Lindarvegjar milli Bæjarlindar og Fífuhvamsvegjar.

Þarna er að okkar mati um að ræða skammtímalausn á vanda sem komast má hjá og leysa má á annan hátt og þannig komast hjá neikvæðum áhrifum á lífsgæði og öryggi íbúa í nágrenninu.

Við förum þess einnig á leit að haft verði samráð við okkur íbúana í ákvarðanaferlinu og þannig tekið tillit til sjónarmiða okkar. Ef af framkvæmdum verður óskum við eftir upplýsingum og umræðum um það hvernig bæjaryfirvöld hyggjast koma til móts við þá skerðingu lífsgæða okkar og mögulega rýrnun á verðgildi eigna sem af því kann að hljóttast.

Virðingarfyllt

Íbúar Fífulind 13 – 15.

Þorsteinn Einarsson
V. Sigurveig Hauksdóttir
Valgerður Aðalsteinsdóttir
Svein Pásson
Hanna Elfríða Einarsson
Hafelís Ástráðsdóttir
Margrét R. Jóhannsdóttir
Svein Skúlason
Páll Arnarson

Franz Karlsson
Sigríður Þ. Sigríðardóttir
Pálína Höfjörðsdóttir
Steinþór Nielsen
Birta Brá Þorleifsdóttir
Bryja Þorleifsdóttir
Hilma Þorleifsdóttir
Svein Pásson

Frjólfing A. Halldór
Gróa Björg Baldvin
Jakob B. Jakobsson

KÓPAVOGSBÆJAR
MÓTTEKID
 10. MAÍ 2010
 Málsnr.: 1002115
 Bréfalykill: _____

Erindi til Skipulags- og umhverfissviðs Kópavogsbæjar.

Efni:

Mótmæli vegna fyrirhugaðrar breikkunar Lindarvegar frá Bæjarlind að Fífuhvammsvegi í Kópavogi.

Við undirritaðir íbúar við Fífulind og Funalind mótmælum fyrirhugaðri breikkun Lindarvegar frá Bæjarlind að Fífuhvammsvegi sem kynnt var af skipulags- og umhverfissviði Kópavogs í mars 2010. Eins og fram kemur í matslýsingu er um að ræða skammtímalausn á vanda sem skapast við að frestað er lagningu Arnarnesvegar frá Reykjanesbraut að Fífuhvammsvegi ofan Salaskóla. Sú framkvæmd hefur þegar verið undirbúin að fullu eftir því sem næst verður komið.

Með áðurnefndri breikkun Lindarvegar væri verið að staðfesta Bæjarlind og Lindarveg sem eina af aðal aðkomuleiðum í Lindahverfi og hverfin ofan þess og þar með að beina mikilli umferð um götur og umhverfi sem ekki hafa verið skipulögð fyrir slíka notkun.

Við skorum því á skipulagsyfirvöld í Kópavogi að falla frá breikkun Lindarvegar og taka aftur á dagskrá Arnarnesveg frá Reykjanesbraut eða leita að öðrum kosti annarra leiða til að létta umferðarálagi af leiðinni um Bæjarlind og Lindarveg að Fífuhvammsvegi.

| nafn | kenntitala | heimilisfang |
|------------------------|---------------|--------------|
| Jóhanna & Johannsd. | 250689-2339 | Fífulind 1 |
| Hljómun B'Asbjörnsson | 040280-8029 | Fífulind 1. |
| Steinn Guðlafur | 091064-7319 | Fífulind 3 |
| Andrea Bael Baringsd. | 241179-5409 | Fífulind 3 |
| MARÍA SUTURÍNA | 200974-2129 | Fífulind 1 |
| Svein Sigmundsson | 11259-3059 | Fífulind 1 |
| Þorunn María Sig | 040561 4129 | Fífulind 1 |
| Magnum Pógvaldsólottir | 030464-2229 | Fífulind 3 |
| Sigrún Sigmundsson | 180275-4369 | Fífulind 1 |
| Þorunn Agústadóttir | 040279-4909 | fífulind 1 |
| Arnar Guðmarnsen | 030557 3449 | Fífulind 2 |
| Pósdís Svendsdóttir | 210365-3979 | Fífulind 2 |
| Elnor Muccio | 250263-4309 | |
| Stefanía Þó Guðmundsd. | 151053 - 5219 | |
| Stefán Guðmarnsen | 230846 - 2289 | |
| Eda Elíasdóttir | 240566-3469 | Fífulind 2 |
| Harald Þorvaldur | 270367-5179 | Fífulind 2 |
| Ólafur Magnússon | 270864-2879 | Fífulind 2 |
| John Brundell | 170765-4189 | Fífulind 2 |
| Þórunn Þorvaldsd. | 130472-2419 | Fífulind 4 |
| Alda Verulhartsd. | 090759-5159 | Fífulind 4 |